**Bæjarstjórn Garðabæjar 12. (964)/2025**

Boðað er til 12. (964). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 18. september 2025 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2509006F - Fundargerð bæjarráðs frá 9/9'25.
   2502102 - Hönnun - Útboð - Miðgarður 2. hæð útleiga á rými
   2509110 - Bréf SSH um samning við Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins, dags. 01.09.25
2. 2509021F - Fundargerð bæjarráðs frá 16/9'25.
   2407142 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2025 (2025-2028) - lántaka.
3. 2509005F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 4/9'25.
4. 2508025F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 3/9'25.
5. 2509018F - Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Garðabæjar frá 16/9'25.
6. 2509008F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 10/9'25.
7. 2507022F – Fundargerð öldungaráðs frá 15/9'25.
8. 2501149 - Fundargerðir stjórnar SSH frá 18/8'25 og 1/9'25.
9. 2501405 - Fundargerðir stjónar SORPU bs. frá 18/6'25 og 18/8'25.
10. 2509139 - Fundargerð eigendafundar SORPU bs. frá 18/8'25.
11. 2502251 - Fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 15/8'25.
12. 2509297 - Tillaga um ókyngreinda búningsaðstöðu

13. 2509298 - Tillaga um úttekt á breyttu fyrirkomulagi sumarnámskeiða

Almar Guðmundsson,
bæjarstjóri.

**Bæjarstjórn Garðabæjar**
**11. (963). fundur 2025**

Fimmtudaginn 4. september 2025 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson bæjarfulltrúi, Björg Fenger bæjarfulltrúi, Sigríður Hulda Jónsdóttir bæjarfulltrúi, Margrét Bjarnadóttir forseti bæjarstjórnar, Hrannar Bragi Eyjólfsson bæjarfulltrúi, Gunnar Valur Gíslason bæjarfulltrúi, Guðfinnur Sigurvinsson 1. varaforseti, Ingvar Arnarson bæjarfulltrúi, Harpa Þorsteinsdóttir varabæjarfulltrúi, Brynja Dan Gunnarsdóttir bæjarfulltrúi og Guðlaugur Kristmundsson bæjarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2508021F - Fundargerð bæjarráðs frá 26/8'25.**

   Fundargerðin sem er 5.tl. er samþykkt samhljóða.

2. **2508026F - Fundargerð bæjarráðs frá 2/9'25.**

   Gunnar Valur Gíslason ræddi 2.tl. árshlutauppgjör Garðabæjar 30.06.2025 og lagði fram eftirfarandi bókun:
   "Árshlutauppgjör Garðabæjar fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2025 endurspeglar sterka fjárhagslega stöðu bæjarsjóðs og rekstur í góðu jafnvægi. Rekstrarniðurstaða er jákvæð um 287 milljónir króna, grunnreksturinn eflist og sjóðstreymi bæjarsjóðs styrkist enn.
   Þrátt fyrir miklar fjárfestingar í innviðum bæjarins á fyrri hluta ársins 2025 voru langtímalántökur hóflegar og skammtímaskuldir lækkuðu verulega á þessu sama tímabili.
   Við bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggjum ríka áherslu á að tryggja öryggi, festu og skilvirkni í rekstri bæjarins. Traust og sterk fjárhagsstaða bæjarsjóðs er grundvöllur þess að Garðabær sé vel undir það búinn að byggja upp ný hverfi og mæta aukinni þjónustu vegna fjölgunar íbúa."

   Fundargerðin sem er 7.tl. er samþykkt samhljóða.

   2505078 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Þorraholt 2-4, br dsk Hnoðrah Norður.

   Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 28. ágúst 2025 varðandi tillögu að óverulegri breytingu deiliskipulags Hnoðraholts norður að lokinni grenndarkynningu og skoðun hjá umhverfissviði, ásamt þeim athugasemdum sem bárust á kynningartíma og þeim viðbótargögnum sem bætt var við á meðan á kynningu stóð. Tillagan gerir ráð fyrir því að hámarkshæð byggingarreits verslunar- og þjónustulóðarinnar Þorraholt 2-4 hækki um 38 cm úr 78 mys í 78,38 mys. Hámarkshæðin nær til byggingarreits húss 2 á lóðinni. Þann 8. maí 2025 vísaði skipulagsnefnd tillögunni til grenndarkynningar sem óverulegri deiliskipulagsbreytingu. Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti ákvörðun skipulagsnefndar á fundi sínum þann 15. maí. Grenndarkynning stóð frá 15. maí til 12. júní. Eigandi Útholts 1 og 3 óskaði eftir viðbótargögnum sem sýndu betur áhrif breytingarinnar á útsýni frá báðum hæðum verðandi húss. Við því var orðið og bárust viðkomandi þau gögn þann 12. júní. Skipulagsstjóri framlengdi frest til að skila inn athugasemdum til 18. júní. Alls bárust athugasemdir frá þremur aðilum sem grenndarkynningin náði til eða frá eigendum Útholts 1 og 3, Útholts 2 og 4 og

Útholts 8 og 10. Athugasemdir snerust aðallega um skerðingu útsýnis sem hlytist af breytingartillögunni. Skipulagsnefnd telur að áhrif breytingartillögunnar, þ.e. hækkun hámarkshæðar um 38 cm, á útsýni frá lóðum við Útholt sé óveruleg og ekki sé hægt að sýna fram á að tillagan muni hafa áhrif á virði eignanna enda verði útsýni frá verðandi byggingum til vesturs og norðurs eftir sem áður mjög gott. Eigandi Þorraholts 2-4 hefur gert grein fyrir því að þessi hækkun sé mikilvæg fyrir útfærslu hússins sem hefur verið í hönnunar- og uppbyggingarferli samhliða ferli deiliskipulagsbreytingarinnar. Verkefnið er umfangsmikið og flókið og hefur kallað á breytingar á deiliskipulagi. Skipulagsnefnd hefur skilning á því að lóðarhafar við Útholt geri athugasemdir við þær tilfærslur sem hafa orðið á deiliskipulaginu undanfarna mánuði. Um leið hefur skipulagsnefnd skilning á því að hönnun og uppbygging svo viðamikils verkefnis kalli á breytingar. Skipulagsnefnd samþykkti tillöguna óbreytta sem óverulega breytingu á deiliskipulagi Hnoðraholts Norður í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2508149 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Nýibær á Garðaholti.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 28. ágúst 2025 varðandi fyrirspurn um rekstur verkstæðis, kaffihúss og sölubúðar í útihúsum austan Garðavegar á landi sem Nýibær hefur haft til umráða. Skipulagsnefnd telur að starfsemi skrímslasmiðju brjóti ekki í bága við deiliskipulag Garðahverfis sem er í næsta nágrenni. Gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir íbúðarbyggð á svæðinu. Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu og því þarf að gera ráð fyrir því að starfsemin geti verið víkjandi þegar til þess kemur. Huga þarf vel að útfærslu á aðkomu frá Garðavegi og skal það gert í samráði við umhverfissvið.

**3. 2508015F - Fundargerð íþrótta- og tómstundaráðs frá 20/8'25.**

Hrannar Bragi Eyjólfsson ræddi 1.tl. starfsáætlun ÍTG 2025 til 2026, 2.tl. afreksstyrki 2025, 3.tl. reglur um ferðastyrki ÍTG, 4.tl. íþróttaþing Garðabæjar, 5.tl. fótbolta fyrir alla - styrkbeiðni, 6.tl. Sinfó í sundi - samfélagsgleði um allt land í lok ágúst, 7.tl. Ungmennahús undirbúningsvinnu, 8.tl. kvöldakstur Strætó, 9-29.tl. umsóknir um ferðastyrki íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar og önnur mál fundargerðarinnar.
Guðfinnur Sigurvinsson ræddi fundargerðina.
Ingvar Arnarson ræddi fundargerðina.
Guðlaugur Kristmundsson ræddi 7.tl. Ungmennahús undirbúningsvinnu, 9-29.tl. umsóknir um ferðastyrki íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar og fundargerðina.
Brynja Dan Gunnarsdóttir ræddi 5.tl. fótbolta fyrir alla - styrkbeiðni, 6.tl. Sinfó í sundi - samfélagsgleði um allt land í lok ágúst og fundargerðina.
Harpa Þorsteinsdóttir ræddi önnur mál fundargerðarinnar, 5.tl. fótbolta fyrir alla - styrkbeiðni og fundargerðina.
Guðfinnur Sigurvinsson tók til máls að nýju og ræddi fundargerðina.
Hrannar Bragi Eyjólfsson tók til máls að nýju og ræddi fundargerðina.
Björg Fenger ræddi önnur mál fundargerðarinnar, 5.tl. fótbolta fyrir alla - styrkbeiðni og fundargerðina.
Almar Guðmundsson ræddi 9.-29.tl. umsóknir um ferðastyrki íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar, 7.tl. Ungmennahús undirbúningsvinnu og fundargerðina.
Harpa Þorsteinsdóttir tók til máls að nýju og ræddi fundargerðina.

Fundargerðin er lögð fram.

**4. 2508022F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 28/8'25.**

Ingvar Arnarson ræddi fundargerðina.

Almar Guðmundsson ræddi fundargerðina.
Ingvar Arnarson tók til máls að nýju og ræddi fundargerðina.
Almar Guðmundsson tók til máls að nýju og ræddi fundargerðina.
Björg Fenger ræddi fundargerðina.
Sigríður Hulda Jónsdóttir ræddi fundargerðina.

Fundargerðin er lögð fram.

**5. 2508014F - Fundargerð velferðarráðs frá 22/8'25.**

Gunnar Valur Gíslason ræddi 1.tl. Exit - leið úr afbrotum og 6.tl. búsetuúrræði fyrir fatlað fólk í Hnoðraholti.

Fundargerðin er lögð fram.

**6. 2501538 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 25/8'25.**

Fundargerðin er lögð fram.

**7. 2502221 - Fundargerð stjórnar Strætó bs frá 15/8'25.**

Hrannar Bragi Eyjólfsson ræddi 1.tl. leigu á rafvögnum, 2.tl. skipan fulltrúa Strætó í eignamat vegna Almenningssamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf., 3.tl. skipan starfskjaranefndar, 4.tl. árshlutauppgjör janúar til júní 2025, 5.tl. forsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2025, 6.tl. sölutölur og 7.tl. markaðsmál.
Guðfinnur Sigurvinsson ræddi fundargerðina.

Fundargerðin er lögð fram.

**8. 2506043 - Kosning fulltrúa í fastanefnd**

Gerð tillaga um að Rakel Norðfjörð Vilhjálmsdóttir (B) verði kjörin aðalmaður í menningar- og safnanefnd í stað Urðar Bjargar Gísladóttur (B).

Tillagan er samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar Garðabæjar 4. september 2025 er lesin upp í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

**Bæjarráð Garðabæjar**
**32. (2180). fundur 2025**

Þriðjudaginn 9. september 2025 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Margrét Bjarnadóttir varamaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2509040 - Menningardagskrá haust 2025**

   Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi Garðabæjar, mætti á fund bæjarráðs og kynnti menningardagskrá í Garðabæ fyrir haustið 2025.

2. **2502102 - Hönnun - Útboð - Miðgarður 2. hæð útleiga á rými**

   Minnisblað valnefndar um útleigu 600 fermetra rýmis á 2. hæð í Miðgarði kynnt. Farið var yfir störf nefndarinnar sem yfirfór innsend gögn frá áhugasömum aðilum, kynningar þeirra og fundaði með þeim aðilum sem sýndu rýminu og rekstri í því áhuga.
   Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu valnefndar um útleigu rýmis í Miðgarði, um að gengið verði til samningaviðræðna við Sjúkraþjálfun Garðabæjar um útleigu rýmisins.

3. **2509039 - Íbúafundir - haust 2025**

   Kynning á fyrirhuguðum íbúafundum sem haldnir verða á vegum Garðabæjar í september. Fyrsti fundurinn verður haldinn í Miðgarði þann 10. september 2025 klukkan 19:30. Annar fundurinn verður haldinn í Urriðaholtsskóla þann 17. september 2025 klukkan 19:30. Þriðji fundurinn verður haldinn í Álftanesskóla þann 24. september 2025 klukkan 19:30.

4. **2509020 - Bréf Stígamóta um framlag til starfsemi Stígamóta 2026, dags. 01.09.25.**

   Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu við úthlutun styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun 2026.

5. **2509112 - Bréf Kvennathvarfsins um rekstrarstyrk fyrir árið 2026, dags. 05.09.25.**

   Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu við úthlutun styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun 2026.

6. **2509110 - Bréf SSH um samning við Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins, dags. 01.09.25**

   Lagt fram bréf Samtaka sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu dags. 1. september 2025 varðandi drög að sameiginlegum samningi sveitarfélaganna og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins vegna áranna 2026-2028.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja samning sveitarfélaganna Garðabæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins 2026-2028 og að fela Almari Guðmundssyni, bæjarstjóra, að undirrita samninginn fyrir hönd Garðabæjar.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 9. september 2025 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)
Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)
Margrét Bjarnadóttir, (sign)
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)
Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**
**33. (2181). fundur 2025**

Þriðjudaginn 16. september 2025 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Margrét Bjarnadóttir varamaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Rakel Steinberg Sölvadóttir varaáheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Guðný Hrönn Antonsdóttir samskipta- og kynningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2501192 - Staða innritunar og yfirlit starfsemi leikskóla Garðabæjar.**

   Guðbjörg Linda Udengård, sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs kynnti stöðu innritunar barna í leikskóla haustið 2025. Í apríl var öllum börnum sem fædd eru í júlí 2024 og eldri boðið leikskólapláss. Í lok maí voru börnum sem fædd eru í ágúst og september 2024 boðin leiksólavist. Í kjölfar yfirferðar umsókna var öllum börnum sem fædd eru í október 2024 boðin leikskólavist, auk þess sem innrituð voru eldri börn sem bæst höfðu á biðlista yfir sumarið.
   Fjöldi barna í leikskólum Garðabæjar 1. nóvember nk. verður 1.456, þar af eru um 200 börn fædd árið 2024.

2. **2407142 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2025 (2025-2028) - lántaka.**

   Á fund bæjarráðs kom Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri og gerði grein fyrir tillögu um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Lagt er til að Garðabær taki nú 600.000.000 kr. lán. Um er að ræða skammtímalán með gjalddaga 18. mars 2026, óverðtryggt með 9,3% vöxtum.
   Fyrir liggur lánsloforð lánasjóðsins til Garðabæjar fyrir allt að kr. 2.000.000.000, en sú fjárhæð rúmast innan lántökuheimilda Garðabæjar skv. fjárhagsáætlun ársins 2025.
   Bæjarráð vísar afgreiðslu málsins til bæjarstjórnar.

3. **2509209 - Umsókn Litla Sauna Hússins slf. um stöðuleyfi fyrir sauna hús.**

   Lögð fram beiðni Litla Sauna Hússins slf., um stöðuleyfi fyrir saunu í Sjálandi. Bæjarráð vísar erindinu til skoðunar og úrvinnslu á umhverfissviði.

4. **2509241 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar UMF Stjörnunnar um tímabundið áfengisleyfi vegna lokahófs í Miðgarði.**

   Lögð fram beiðni Ungmennafélagsins Stjörnunnar um tækifærisleyfi vegna áfengisveitinga fyrir lokahófs Norðurlandamóts í kraftlyftingum, þann 14. ágúst 2025. Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi hafi verði veitt.

5. **2509244 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar UMF Álftaness um tímabundið áfengisleyfi**

**vegna herrakvölds í íþróttahúsinu Breiðumýri.**

Lögð fram umsókn UMF-Álftaness um tímabundið áfengisleyfi í íþróttamiðstöðinni Breiðumýri, á herrakvöldi sem halda á 18. október 2025. Bæjarráð gerir ekki fyrir sitt leyti athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.

6. **2509207 - Bréf Náttúruhamfaratryggingar Íslands til sveitarstjórna og skipulagsyfirvalda, dags. 10. september 2025.**

Lagt fram bréf Náttúruhamfaratrygginga Íslands, dags. 10. september 2025 til sveitarfélaga á Íslandi, skipulagsyfirvalda og sveitarstjórna, varðandi áhrif 16.gr. laga nr. 55/1992 ef byggingar eru reistar á svæðum sem fyrir fram er vitað að eru sérlega næm fyrir náttúruhamförum sem eru bótaskyldar hjá NTÍ.
Bæjarráð vísar erindinu til skoðunar hjá skipulagsnefnd.

7. **2502231 - Samræmd móttaka flóttafólks 2025.**

Lagt fram bréf Félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, dags. 5. september 2025, varðandi móttöku einstaklinga sem fengið hafa vernd hér á landi. Í bréfinu er upplýst að ekki sé fyrirhugað að leggja fram frumvarp á haustþingi 2025, þar sem kveðið yrði á um breytingar á fyrirkomulagi í tengslum við móttöku einstaklinga sem fengið hafa vernd hér á landi.

8. **2209699 - Urriðaholtsskóli 3. áfangi - skoðunarferð**

Bæjarráð heimsótti Urriðaholtsskóla og kynnti sér stöðu byggingaframkvæmda við 3. áfanga Urriðaholtsskóla.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 16. september 2025 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)
Margrét Bjarnadóttir, (sign)
Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)
Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)
Rakel Steinberg Sölvadóttir, (sign)

**Menningar- og safnanefnd Garðabæjar**
**66. fundur 2025**

Fimmtudaginn 4. september 2025 kl. 08:30 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í Hönnunarsafni við Garðatorg.

Fundinn sátu: Torfi Geir Símonarson formaður, Steinunn Vala Sigfúsdóttir aðalmaður, Guðrún Arna Sturludóttir aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Arnar Hólm Einarsson aðalmaður, Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi og Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs.

Fundargerð ritaði: Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2509041 - Dagskrá fyrir skólahópa 2025 2026**

   Menningardagskrá fyrir skólahópa veturinn 2025/26 kynnt.Barnamenningarhátíð í Garðabæ fer framvegis fram að hausti.

2. **2509040 - Menningardagskrá haust 2025**

   Menningardagskrá fyrir haustönn lögð fram og kynnt í nýrri hönnun.

3. **2501370 - Menningarstefna Garðabæjar**

   Rætt um endurskoðun menningarstefnu sem stefnt er á að ljúki fyrir desember.

4. **2210231 - Rökkvan listahátíð**

   Rökkvuhópnum þakkað fyrir ómetanlegt framlag til menningarmála í Garðabæ.Hópurinn hefur nú flogið á vit nýrra ævintýra og sækir sér frekari menntunar. Menningar- og safnanefnd hvetur nýja hópa til samtals um sambærileg verkefni.

5. **2508199 - Sinfó í sundi**

   Rætt um vel heppnaðan viðburð í Álftaneslaug þar sem flutningur frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands fór fram á risaskjá og í góðu hljóðkerfi.

6. **2509050 - Skapandi sumarstörf 2025**

   Farið yfir vel heppnaða vinnu skapandi sumarstarfsmanna í sumar og metnaðarfulla lokahátíð.

7. **2509055 - Starfsáætlun menningar og safnanefndar 2025 og 26**

   Starfsáætlun yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar**
**32. fundur 2025**

Miðvikudaginn 3. september 2025 kl. 15:00 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir formaður, Eva Björg F Torfadóttir varamaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Hjördís Guðný Guðmundsdóttir aðalmaður, Tamar Klara Lipka Þormarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi, Anna María Skúladóttir fulltrúi skólastjóra, Ragnheiður Stephensen fulltrúi kennara og Vera Rut Ragnarsdóttir fulltrúi foreldra.

Fundargerð ritaði: Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi Garðabæjar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

Við upphaf fundarins óskaði formaður skólanefndar eftir því að bæta við dagskrár lið nr. 5. Skólanefnd samþykkti breytta dagskrá.

1. **2508042 - Ársskýrslur grunnskóla 2024-2025**

   Lagðar voru fram ársskýrslur grunnskóla skólaársins 2024-2025. Skólanefnd færir þakkir til skólafólks fyrir faglegar og vel unnar ársskýrslur. Þær bera vott um metnaðarfullt og gott skólastarf auk þess sem þær eru mikilvæg heimild og tæki til stefnumótunar í skólastarfinu. Skólanefnd fagnar samræmingu efnistaka í ársskýrslum en telur að skoða mætti frekari samræmingar. Skólanefnd vísar málinu til fræðslu- og frístundasvið til frekari skoðunar með skólastjórnendum. .

2. **2508347 - Skólabyrjun 2025-2026. Fjöldi nemenda og fleiri upplýsingar**

   Grunnskólafulltrúi fór yfir skólabyrjun 2025-2026. Á ár hófu 2630 nemendur nám í grunnskólum Garðabæjar, þar af 258 nemendur í 1. bekk, 305 nemendur munu ljúka grunnskóla vorið 2026. Farið var yfir áherslu í skólastarfi í Garðabæ 2025 - 2026.

3. **2508349 - Reglur um símanotkun í grunnskólum Garðabæjar**

   Lögð var fyrir samantekt um reglur sem gilda um símanotkun í grunnskólum Garðabæjar. Símanotkun er óheimil í kennslustundum í grunnskólum bæjarins. Undantekningar á þeim reglum er þegar nemendur þurfa að nota tækin í verkefnum í unglingadeildum og þá aðeins með leyfi kennara. Fræðslu- og frístundasviði er falið að skoða ávinning þess að hafa samræmdar reglur um símanotkun í grunnskólum í Garðabæ.

4. **2506001 - Sértæk úrræði í grunnskólum**

   Lögð var fram til kynningar viljayfirlýsing á milli Garðabæjar og Jónsvegs ehf. um vilja til að undirbúa stofnun skóla, sem er sérhæfður grunnskóli fyrir einhverf börn.

5. **2509098 - Námsmat í grunnskólum**

   Skólanefnd leggur til að allir grunnskólar í Garðabæ hvort heldur þeir sem eru bæjarreknir eða sjálfstætt starfandi, leggi fyrir Matsferil Menntamálastofnunar (MMS) í 4.-10.bekk í íslensku og í stærðfræði. Markmið tillögunnar er að tryggja samræmda og markvissa eftirfylgni með

námsframvindu nemenda og styðja við skólaþróun og einstaklingsmiðað nám. Markmið Matsferils er m.a. að stuðla að sífelldri endurskoðun og umbótum í skólastarfi og efla gæði náms. Þá leggur nefndin áherslu á að námsmat við lok hvers skólastigs þ.e., í 4., 7., og 10. bekk, verði samræmt í grunnskólum Garðabæjar, þannig að sömu námsmarkmið og matsgildi verði á bak við námsmat nemenda. Lagt er til að byrjað verði á íslensku og stærðfræði og önnur fög innleidd í áföngum á næstu árum. Skólanefnd vísar málinu til fræðslu- og frístundasviðs til frekari vinnslu.

**6. 2508348 - Fundir skólanefndar 2025-2026, helstu áherslur.**

Formaður skólanefndar fór yfir fyrirhugaða fundi skólanefndar skólaárið 2025-2026. Farið var yfir hlutverk skólanefndar og helstu áherslur nefndarinnar á skólaárinu.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Skólanefnd Tónlistarskóla Garðabæjar**
**10. fundur 2025**

Þriðjudaginn 16. september 2025 kl. 08:00 kom skólanefnd Tónlistarskóla Garðabæjar saman til fundar í Tónlistarskóla Garðabæjar, Kirkjulundi.

Fundinn sátu: Lilja Lind Pálsdóttir formaður, Sigrún Antonsdóttir aðalmaður, Guðjón Máni Blöndal varamaður, Ingvar Arnarson aðalmaður og Laufey Ólafsdóttir skólastjóri.

Fundargerð ritaði: Laufey Ólafsdóttir, skólastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2503035 - Starfsemi skólans 2025-2026.**

   Skólastjóri fór yfir skólaupphaf og starfið á haustönn

2. **2402158 - Niðurstöður á heildarúttekt tónlistarskólans.**

   Skólastjóri tónlistarskóla fór yfir helstu niðurstöður úttektarinnar.

3. **2503035 - Fyrirhuguð stækkun TG og niðurstöður á hönnunarvinnu og þarfagreiningu skólans.**

   Kynnt var staðan á vinnu og undirbúningi við stækkun tónlistarskólans og niðurstöður þarfagreiningar.

4. **2505520 - Gervigreindarstefna Garðabæjar**

   Lagt fram til kynningar Gervigreindarstefna Garðabæjar sem samþykkt var í bæjarráði 5.6.2025. Formaður skólanefndar kynnti stefnuna og fór yfir helstu áhersluatriði hennar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Umhverfisnefnd Garðabæjar**
**28 (22-26). fundur 2025**

Miðvikudaginn 10. september 2025 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Stella Stefánsdóttir formaður, Eiríkur Þorbjörnsson aðalmaður, Greta Ósk Óskarsdóttir aðalmaður, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs og Linda Björk Jóhannsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Linda Björk Jóhannsdóttir, verkefnastjóri umhverfismála.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2507025 - Veitumál í Garðabæ**

   Guðbjörg Brá Gísladóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs kynnti stöðu veitumála í Garðabæ. Umhverfisnefnd þakkar greinagóða kynningu á veitumálum í Garðabæ.

2. **2502419 - Mengunarmælingar 2025**

   Lagt fram.

3. **2509018 - Umhverfishópar 2025**

   Skýrsla yfirflokkstjóra umhverfishópa sem starfræktir eru yfir sumarið kynnt. Umhverfisnefnd fagnar miklu og öflugu starfi sem unnið var í umhverfishópum í sumar og góðri samantekt um störf umhverfishópa.

4. **2505166 - Evrópsk samgönguvika 2025**

   Evrópsk samgönguvika stendur yfir dagana 16.-22. september. Samgönguvika er evrópskt átak um bættar samgöngur í borgum og bæjum. Markmið vikunnar er að hvetja fólk til umhugsunar um eigin ferðavenjur og virkja það til að nota almenningssamgöngur, hjóla eða ganga. Þema samgönguviku í ár er Samgöngur fyrir öll.

5. **2206189 - Tillaga um nafngiftir og fegrun hringtorga í Garðabæ**

   Umhverfisnefnd ræddi tillögu um nafngiftir og fegrun hringtorga í Garðabæ. Nefndin leggur til hugmyndir að forgangsröðun hringtorga sem til greina koma fyrir nafngiftir en leggur jafnframt áherslu á að frekari greining á útfærslu og kostnaði fari fram við verkefnið.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Öldungaráð**
**3. fundur 2025**

Mánudaginn 15. september 2025 kl. 08:00 kom öldungaráð saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Harpa Rós Gísladóttir aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Anna Ragnheiður Möller aðalmaður, Laufey Jóhannsdóttir aðalmaður, Margrét Björnsdóttir aðalmaður, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs og Þóra Gunnarsdóttir forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2502475 - Þjónusta við fólk sem bíður eftir hjúkrunarrými**

   Fyrirhugað samstarfsverkefni Heilbrigðisráðuneytis, heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, heimahjúkrunar og félagsþjónustu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu kynnt fyrir nefndarmönnum. Öldungaráð leggur mikla áherslu á að samtali við heilbrigðisráðuneytið um uppbyggingu hjúkrunarheimilis verði hraðað eins og kostur er.

2. **2506144 - Heldriborgarakvöld Snorra goða - Velferðarsviðs Garðabæjar**

   Öldungaráði líst vel á hugmyndina en telur æskilegt að eiga samstarf við ungmennaráð um framkvæmd og skipulag verkefnis.

3. **2502547 - Íbúaþing eldra fólks 2025**

   Öldungaráð leggur til að íbúaþing verði haldið fimmtudaginn 5.febrúar 2026 á milli kl 13-16.

4. **2403474 - Lambamýri fjölnota aðstaða fyrir eldri borgara**

   Harpa Rós Gísladóttir, formaður öldungaráðs og Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu fóru yfir stöðu verkefnis tengt fjölnota aðstöðu fyrir eldri borgara í Lambamýri og svöruðu fyrirspurnum nefndarmanna.

5. **2503150 - Stefna í málefnum eldri borgara - Aðgerðaráætlun 2025 -2026**

   Farið yfir þau verkefni sem eru framundan og lagt er upp með í aðgerðaráætlun eldra fólks haust 2025.

6. **2309191 - Kynning á félagsstarfi fyrir eldra fólk í Jónshúsi og Smiðjunni**

   Öldungaráð fór yfir fjölbreytta dagskrá félagsstarfs sem eldra fólki í Garðabæ stendur til boða á næsta misseri.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**611. fundur stjórnar SSH**
**var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 18. ágúst 2025**
**og hófst hann kl. 13:00.**

**Fundinn sátu:**
Heiða Björg Hilmisdóttir, Ásdís Kristjánsdóttir, Björg Fenger, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Þorbjörg Gísladóttir, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

**Fundargerð ritaði:** Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Heiða Björg Hilmisdóttir formaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

**Dagskrá:**

1. **Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins - 2409009**

Fyrirliggjandi er erindi Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins, sem barst hinn 13. ágúst 2025, þar sem óskað er eftir tilnefningum stjórnar SSH til stjórnar og stefnuráðs Markaðsstofunnar en SSH skal tilnefna fjóra stjórnarmenn auk tveggja til vara og sex einstaklinga í stefnuráð. Þess er óskað að tilnefningar berist eigi síðar en 9. september nk. en aðalfundur verður haldinn 16. s.m.

Þá er fyrirliggjandi minnisblað lögfræðings SSH vegna þessa erindis, en gert er ráð fyrir að formleg tilnefning fari fram á fundi stjórnar 1. september nk.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar. Tilnefningar verða ákveðnar á næsta fundi stjórnar 1. september nk., og mun stjórnarfólk senda tillögur sínar þessa efnis til skrifstofu SSH fyrir það tímamark.*

2. **Lóðir í umráðum byggðasamlaga - 2506008**

Fyrirliggjandi er tölvupóstur slökkviliðsstjóra dags. 4. júlí 2025 ásamt fylgiskjölum hans, en þar er vísað til bókunar fundar stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins dags. 13. júní 2025. Bókun fundarins varðandi lóðir í umráðum slökkviliðsins er svohljóðandi: "Umræður halda áfram á vettvangi SSH. Stjórn samþykkir að slökkviliðsstjóri vinni tvær sviðsmyndir varðandi slökkvistöð í Tónahvarfi í samstarfi við Kópavogsbæ, annars vegar út frá einni lóð, hins vegar út frá tveimur."

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar og umræðu. Frekari umræðum frestað og við áframhaldandi úrvinnslu málsins verði m.a. horft til sviðsmynda slökkviliðsstjóra.*

3. **Börn innflytjenda í skólum á hbsv. -Sóknaráætlun 2024 - 2404003**

Fyrirliggjandi er minnisblað Hrannar Pétursdóttur dags. 9. júlí 2025. Ofangreint áhersluverkefni sóknaráætlunar hefur verið í vinnslu á vettvangi SSH frá árinu

2024. M.a. vegna annarra verkefna sem unnin eru samhliða hefur verið nauðsynlegt að gera ákveðnar breytingar á verkefninu, og þá kom einnig í ljós að söfnun og skráning upplýsinga um umræddan hóp mætti vera samræmdari og skilvirkari. Er nú unnið að úrbótum vegna þess. Við þá vinnu hefur einnig komið í ljós að töluverð skörun er milli þjónustu velferðar- og menntasviða þegar kemur að þjónustu við börn með fjölbreyttan menningarbakgrunn.

Í því ljósi er óskað eftir afstöðu stjórnar til þesss hvort skilgreina eigi verkefnið alfarið innan
beinnar kennslutengdrar þjónustu eða útvíkka það þannig að það nái einnig til þeirrar þjónustu sem er á ábyrgð velferðarsviða sveitarfélanna og þannig heildstætt til þeirrar þjónustu sem sveitarfélögin eru að veita þessum börnum.

Verði fallist á víðari efnistök mun það rúmast innan áætlaðs kostnaðar við verkefnið og ætla má að verklok verði fyrir lok ársins.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar og umræðu. Hrönn Pétursdóttur verkefnastjóra verkefnisins verður boðið að koma á fund stjórnar 1. september nk. til að skýra frekar kosti og galla við hugsanlega útvíkkun á efnissviði verkefnisins.*

Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Kjósarhrepps tekur sæti á fundinum.

### 4. Höfuðborgargirðing - Erindi - 2508002

Fyrirliggjandi er erindi Helgadals ehf. dags. 13. ágúst 2025. Lagt er til að skrifstofu SSH verði falið að vinna málið áfram.

**Niðurstaða:**

*Samþykkt.*

### 5. Forkönnun á sameiginlegum innkaupavef sveitarfél. innan SSH - Sóknaráætlun 2024 - 2404005

Forkönnun á sameiginlegum innkaupavef sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar 2024. Fyrirliggjandi til kynningar er minnisblað um stöðu verkefnisins. Framkvæmdastjóri kynnir.

**Niðurstaða:**

*Verkefnið verði unnið áfram á vettvangi SSH til samræmis við tillögu í fyrirliggjandi minnisblaði. Jafnframt fari fram frekara samtal við innkaupadeildir eða fjármálastjóra sveitarfélaganna vegna þessa verkefnis.*

### 6. Lykiltölur hins byggða umhverfis - Sóknaráætlun 2025 - 2502013

Eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar árið 2025 er greining á lykiltölum hins byggða umhverfis. Gengið hefur verið til samninga við VSÓ ráðgjöf um verkefnastýringu og er samningur þess efnis lagður fram til kynningar, en á 601. fundi stjórnar var framkvæmdastjóra falið umboð til gerðar samninga vegna áhersluverkefna ársins 2025.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

**7. Innviðagreining og þróun húsnæðismála - Sóknaráætlun 2025 - 2502012**

Eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar árið 2025 er innviðagreining og þróun húsnæðismála. Gengið hefur verið til samninga við VSÓ ráðgjöf um verkefnastýringu og er samningur þess efnis lagður fram til kynningar, en á 601. fundi stjórnar var framkvæmdastjóra falið umboð til gerðar samninga vegna áhersluverkefna ársins 2025.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

**8. Önnur mál - 2110011**

Fyrirliggjandi til kynningar er tölvupóstur forsætisráðuneytisins vegna nýrrar atvinnustefnu sem nú er í mótun. Áformaskjal um stefnuna hefur verið birt í samráðsgátt stjórnvalda og einnig er verða áherslur ríkisstjórnarinnar í væntanlegri atvinnustefnu kynntar á sérstökum morgunfundi 4. september nk.

Hanna Borg Jónsdóttir, verkefnastjóri farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins, minnir á sameiginlegan TEAMS-fund stjórnar SSH og velferðar- og fræðslustjóra sveitarfélaganna miðvikudaginn 20. ágúst kl. 8:30-9:00. Fundurinn er haldinn samkvæmt beiðni sem sett var fram á stjórnarfundi SSH 2. júní sl. Fundarboð hefur þegar verið sent.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.**

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**612. fundur stjórnar SSH**
**var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 1. september 2025**
**og hófst hann kl. 13:00.**

**Fundinn sátu:**
Ásdís Kristjánsdóttir, Almar Guðmundsson, Líf Magneudóttir, Magnús Örn Guðmundsson, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

**Fundargerð ritaði:** Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Ásdís Kristjánsdóttir varaformaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

**Dagskrá:**

1. **Heilbrigðisumdæmi - hlutverk Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins - 2205003**

Kynning á verkefnum og starfsemi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins en gert er ráð fyrir samráði og upplýsingamiðlun heilsugæslunnar gagnvart sveitarfélögum. Almennar umræður um húsnæðismál Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, mögulegt frekara samstarf milli velferðar- og heilbrigðisþjónustu varðandi s.s. geðheilbrigðisþjónustu og heimahjúkrun og hugsanlegt aukið teymisstarfsfyrirkomulag innan heilsugæslunnar.

**Gestir**

Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Íris Dögg Harðardóttir framkvæmdastjóri geðheilbrigðisþjónustu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Hanna Borg Jónsdóttir verkefnastjóri farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins

Sigríður Dóra Magnúsdóttir forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Brjánn Jónasson samskiptastjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

**Niðurstaða:**

*Umræður. Heilsugæslan og SSH munu í sameiningu leita hugmynda að afmörkuðum samstarfsverkefnum tengdum áhersluverkefnum sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins.*

2. **Málefni fatlaðra - fjármögnun málaflokks - 2207001**

Umræður um fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og rekstrarafkomu vegna þjónustunnar hjá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu.

**Gestir**

Helga María Pálsdóttir sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Sambandsins

Saga Guðmundsdóttir hagfræðingur á þróunarsviði Sambandsins

**Niðurstaða:**

*Umræður*

### 3. Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins - 2409009

Framhald umræðna frá 611. fundi. Fyrirliggjandi er erindi Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins, sem barst hinn 13. ágúst 2025, þar sem óskað er eftir tilnefningum stjórnar SSH til stjórnar og stefnuráðs Markaðsstofunnar en SSH skal tilnefna fjóra stjórnarmenn auk tveggja til vara og sex einstaklinga í stefnuráð. Þess er óskað að tilnefningar berist eigi síðar en 9. september nk. en aðalfundur verður haldinn 16. september nk.

Fyrirliggjandi eru drög að sameiginlegum samningi sveitarfélaganna og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins vegna áranna 2026-2028, en sveitarfélögin hafa hingað til gert samninga hvert um sig við stofuna. Er gerð tillaga um að stjórn samþykki drögin fyrir sitt leyti og að þau verði send til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna.

**Niðurstaða:**

*Tilnefningar stjórnar SSH til stjórnar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins eru eftirfarandi:*

*Elísabet Sveinsdóttir, bæjarfulltrúi í Kópavogi.*
*Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, varabæjarfulltrúi í Hafnarfirði.*
*Kristinn Jón Ólafsson, borgarfulltrúi í Reykjavík.*
*Sævar Birgisson, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ.*

*Tilnefndir varamenn eru:*
*Dagsbjört S. Oddsdóttir, varabæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi.*
*Stella Stefánsdóttir, varabæjarfulltrúi í Garðabæ.*

*Eftirtalin eru þá tilnefnd í stefnuráð Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins:*

*Skúli Þór Helgason Reykjavík.*
*Sverrir Kári Karlsson Kópavogur.*
*Sunna Magnúsdóttir Hafnarfjörður.*
*Hulda Hauksdóttir Garðabær.*
*Lovísa Jónsdóttir Mosfellsbær.*
*María Björk Óskarsdóttir Seltjarnarnes.*

*Stjórn samþykkir fyrirliggjandi drög að sameiginlegum samningi sveitarfélaganna og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins vegna áranna 2026-2028 og er skrifstofu SSH falið að senda þau til afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna.*

### 4. Samgöngusáttmálinn - Verkefni - 2003010

Betri samgöngur ohf. boða til hluthafafundar sem haldinn verður rafrænt kl. 13:45 fimmtudaginn 11. september 2025. Tilgangur fundarins er að kjósa einn stjórnarmann í stjórn Betri samgangna ohf. samkvæmt tilnefningu fjármála- og efnahagsráðherra.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

**5. Fjölsmiðjan - rekstur og fjárhagur - 1501007**

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar dags. 21. nóvember 2024.
Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar dags. 8. maí 2025.
Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar dags. 25. júní 2025.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

**6. Önnur mál - 2110011**

Samkvæmt samþykktum SSH skal aðalfundur SSH haldinn eigi síðar en 15. nóvember ár hvert. Sveitarfélögin hafa skipst á að hýsa fundinn og komið er að Garðabæ. Umræður um mögulega dagsetningu.

**Niðurstaða:**

*Umræður*

**7. PANT akstursþjónusta - 2405005**

Umræður um Pant akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og framtíð hennar með hliðsjón af stofnun nýs félags um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

**Gestir**

Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs.

Sigurbjörg Fjölnisdóttir formaður stjórnar Pant.

**Niðurstaða:**

*Umræður. Stjórn Pant akstursþjónustu er falið að greina árangur af núverandi samstarfi, kosti þess og hagkvæmni ásamt því að skoða og meta þá sviðsmynd að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafi öll samstarf um þjónustuna.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.**

Fullgild rafræn undirskrift
DÓRA BJÖRT GUÐJÓNSDÓTTIR
Kennitala: 190688-2599
2025-08-18 18:48:23 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SVANA HELEN BJÖRNSDÓTTIR
Kennitala: 201260-2489
2025-08-18 19:00:32 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
GUNNAR VALUR GÍSLASON
Kennitala: 060358-6809
2025-08-18 19:51:16 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
VALDIMAR VÍÐISSON
Kennitala: 100978-3509
2025-08-19 09:23:12 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ORRI VIGNIR HLÖÐVERSSON
Kennitala: 200664-2139
2025-08-19 12:55:39 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ALDÍS STEFÁNSDÓTTIR
Kennitala: 071076-4829
2025-08-25 19:22:21 GMT
Ástæða: Undirskrift

SORPA

# FUNDARGERÐ 517. FUNDAR STJÓRNAR SORPU bs.

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 18. júní 2025. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

**Fundarstjóri:** Dóra Björt Guðjónsdóttir.

**Fundarritari:** Gunnar Dofri Ólafsson.

**Sækja fund:** Aldís Stefánsdóttir, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Vignir Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

## Tekið fyrir

### 1. ESA-málið

Haraldur Flosi Tryggvason Klein, ráðgjafi í vinnuhópi um ESA-málið, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Stjórn hélt þann 4. júní sl. vinnufund, þar sem vinnuhópur um ESA-verkefnið gerði grein fyrir þeim breytingum sem til stendur að verði gerðar á starfsemi SORPU bs. eftir forskrift ESA. Á fundinum var ákveðið að framkvæmdastjóri SORPU bs. og fulltrúar vinnuhópsins kynntu niðurstöðu vinnuhópsins fyrir fulltrúum sveitarfélaganna sem standa að SORPU bs.

Vinnuhópur um ESA-málið leggur til að farin verði sú leið að skilja efnahagslega starfsemi frá lögboðinni starfsemi byggðasamlagsins SORPU, eins og nánar er gerð grein fyrir í framlögðu minnisblaði, dags. 18. júní 2025. Haraldur Flosi gerir grein fyrir samandreginni niðurstöðu ESA-vinnuhóps SORPU bs.

Stjórn SORPU bs. bókar:

> *„Stjórn SORPU bs. telur tillögu vinnuhópsins, sem fram kemur í minnisblaðinu, koma að fullu til móts við þau sjónarmið sem ESA teflir fram, og samþykkir tillöguna fyrir sitt leyti. Stjórn vísar málinu til endanlegrar ákvörðunar á vettvangi eigenda SORPU bs., að fengnu áhættumati áhættunefndar SORPU bs.“*

Ákvörðun ESA, dags. 20. nóvember 2024, fylgir fundargerð.

### 2. Breytingar á gjaldskrá

Fjármálastjóri gerir grein fyrir minnisblaði, dags. 16. júní 2025, um breytingar á gjaldskrá SORPU bs. Lagt er til að allir liðir gjaldskrár hækki um 3,5% þann 1. júlí 2025, í takt við vísutölu, en auk þess að nánar tilgreindir gjaldskrárliðir hækki um 7% vegna hækkandi kostnaðar við afsetningu

hjá móttökuaðila erlendis, eins og fram kemur í meðfylgjandi minnisblaði. Gjaldskrá endurvinnslustöðva hækkar ekki.

Stjórn SORPU bs. bókar:

> *„Stjórn SORPU bs. samþykkir tillöguna. Gjaldskrá SORPU bs. hækkaði ekki um áramótin 2024/2025, þrátt fyrir að gjaldskrá SORPU bs. taki að jafnaði breytingum tvisvar á ári. Auknum kostnaði við meðhöndlun úrgangs hjá SORPU bs. var í stað hækkana á gjaldskrá um áramótin mætt með hagræðingu í rekstri.“*

Minnisblað fylgir fundargerð.

## 3. Uppbygging bráðabirgðaendurvinnslustöðvar við Glaðheima

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu uppbyggingar á bráðabirgðastöð á Glaðheimasvæðinu í stað stöðvar á Dalvegi.

Stjórn SORPU bs. samþykkti á stjórnarfundi 510, dags. 15. janúar 2025, að SORPA myndi óska eftir svæði á Glaðheimasvæðinu undir bráðabirgðastöð sem myndi opna þegar endurvinnslustöðin við Dalveg lokar þann 1. september næstkomandi. Bráðabirgðastöðin mun að óbreyttu opna sama dag og stöðin við Dalveg lokar til að tryggja órofna þjónustu endurvinnslustöðva SORPU.

Áætlaður kostnaður við að koma upp bráðabirgðastöðinni er um 50-75 milljónir króna. Ekki var áætlað fyrir þessum kostnaði í áætlun 2025, þar sem ekki stóð til að koma upp bráðabirgðastöð í stað stöðvar við Dalveg þegar áætlun SORPU fyrir árið 2025 var lögð fram í september 2024. Hins vegar var gert ráð fyrir að 77 milljónum króna yrði varið í verkefni sem snúa að viðhaldi húsnæðis og lóða endurvinnslustöðva. Þetta fjármagn verður nýtt til að standa straum af kostnaði við uppbyggingu bráðabirgðastöðvarinnar og viðhaldi sem ekki bráðliggur á frestað til næsta rekstrarárs.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að leggja fram á næsta fundi stjórnar sundurliðaða áætlun á kostnaði við uppbyggingu stöðvarinnar og viðauka um tilfærslur í fjárhagsáætlun vegna þessa.

## Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður mánudaginn 18. ágúst klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 08:30.

Fullgild rafræn undirskrift
DÓRA BJÖRT GUÐJÓNSDÓTTIR
Kennitala: 190688-2599
2025-08-25 10:42:34 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
GUNNAR VALUR GÍSLASON
Kennitala: 060358-6809
2025-08-25 12:03:18 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
VALDIMAR VÍÐISSON
Kennitala: 100978-3509
2025-08-25 12:55:12 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SVANA HELEN BJÖRNSDÓTTIR
Kennitala: 201260-2489
2025-08-25 14:16:42 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ALDÍS STEFÁNSDÓTTIR
Kennitala: 071076-4829
2025-08-25 19:23:29 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ORRI VIGNIR HLÖÐVERSSON
Kennitala: 200664-2139
2025-08-26 15:40:26 GMT
Ástæða: Undirskrift

# FUNDARGERÐ 518. FUNDAR STJÓRNAR SORPU bs.

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, mánudaginn 18. ágúst 2025. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

**Fundarstjóri:** Dóra Björt Guðjónsdóttir.

**Fundarritari:** Gunnar Dofri Ólafsson.

**Sækja fund:** Aldís Stefánsdóttir, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Vignir Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

## Tekið fyrir

### 1. Skýrsla áhættunefndar

Svana Helen Björnsdóttir, formaður áhættunefndar, gerir grein fyrir skýrslu áhættunefndar SORPU bs. Helstu niðurstöður hennar eru að áhætta í starfsemi SORPU er á flestum sviðum ásættanleg. Enn er til staðar ýmis áhætta, einkum á sviðum stjórnkerfis og stefnumótunar byggðasamlagsins. Vinna í tengslum við ESA-málið hefur varpað ljósi á þessar áhættur, og skapað tækifæri til úrbóta.

Stjórn þakkar fyrir kynninguna, og felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að því að draga úr og hafa eftirlit með áhættu í rekstri SORPU bs.

### 2. Árshlutauppgjör SORPU bs. – sex mánaða uppgjör 2025

Fjármálastjóri gerir grein fyrir drögum að óendurskoðuðu sex mánaða uppgjöri SORPU bs.

Endurskoðað uppgjör verður lagt fyrir á næsta fundi stjórnar.

### 3. Drög að fjármálastefna SORPU bs.

Fjármálastjóri gerir grein fyrir drögum að fjármálastefnu SORPU bs.

Stjórn þakkar fyrir kynningu og leggur áherslu á að fjármálastefna verði uppfærð með tilliti til breytinga sem kunni að verða í kjölfar vinnu við ESA-verkefnið, sérstaklega með tilliti til arðgreiðslustefnu.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna drögin áfram og leggja fyrir á næsta fundi stjórnar.

**4. Forsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2026**

Fjármálastjóri gerir grein fyrir helstu forsendum fjárhagsáætlunar fyrir árið 2026.

Stjórn samþykkir framlagðar forsendur.

**5. Undirbúningsfélag um byggingu hátæknibrennslu**

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu á stofnun undirbúningsfélags um byggingu hátæknibrennslu.

Gert hefur verið ráð fyrir að stofnað verði einkahlutafélag í eigu SORPU, Kölku og íslenska ríkisins sem hefði það hlutverk að þróa áfram hugmynd um byggingu sorpbrennslu með orkuendurheimt á Íslandi. Rökin með stofnun slíks félags hafa verið eftirfarandi:

- Stefnt er að einni brennslu fyrir allt landið, heppilegt að verkefnið fái sjálfstæðan málsvara, þ.e. að það sé ekki tengt beint við SORPU.
- Miðað var við að ríkið legði til hlutafé.
- Þar sem um samstarf margra aðila yrði að ræða væri heppilegt að taka verkefnið úr daglegum rekstri hluthafa þess.

Nú hafa mál skipast þannig að aðkoma ríkisins snýst fyrst og fremst um hönnun og fjármögnun flutningsjöfnunarkerfis fyrir landsbyggðina og eftir atvikum um stuðning við landsbrennslu með breytingum á lögum.

Af þessu leiðir tvennt, annars vegar að ríkið lítur á það sem hlutverk sitt að tryggja flutningsjöfnun en ekki að reisa og reka brennsluna sjálfa.

Til stendur að skipaður verði starfshópur á vegum umhverfisráðuneytis sem ætlað er sinna þessum þáttum.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að málinu, og tryggja beina aðkomu ríkisins að verkefninu.

**6. Málefni endurvinnslustöðva – Dalvegur**

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu lokunar endurvinnslustöðvarinnar við Dalveg.

SORPA áætlaði lokun á Dalvegi 1. september 2025 og opnun bráðabirgðastöðvar á Glaðheimasvæðinu sama dag, samanber aðgerðaáætlun til að mæta lokun Dalvegar, sem var kynnt á 510. fundi stjórnar SORPU.

Bæjarráð Kópavogs ákvað á fundi sínum 17. júlí sl. að fresta lokun stöðvarinnar við Dalveg til 1. febrúar 2026. Vinna við uppbyggingu bráðabirgðastöðvar var stöðvuð samhliða þessari ákvörðun bæjarráðs Kópavogs.

Til að bregðast við þeirri stöðu sem upp er komin mun stjórn taka til rýni stefnumótandi skýrslu tæknimanna sveitarfélaga um framtíð endurvinnslustöðva.

Bréf bæjarstjóra Kópavogs sem lagt var fram á fundi bæjarráðs Kópavogs 17. júlí sl. fylgir fundargerð.

### 7. Málefni endurvinnslustöðva – Jafnasel

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir afgreiðslu borgarráðs, dags. 21. júlí sl., á erindi SORPU, dags. 4. febrúar sl., um tímabundin afnot af lóð borgarinnar við hlið endurvinnslustöðvarinnar við Jafnasel.

Erindið var hluti af aðgerðaráætlun SORPU til að mæta þeirri stöðu sem kom upp þegar Kópavogur fór fram á að SORPA skilaði lóðinni sem endurvinnslustöðin við Dalveg stendur á. Borgarráð hafnaði ósk SORPU með vísan til umsagna fjármála- og áhættustýringarsviðs, og umhverfis- og skipulagssviðs.

Svar borgarráðs fylgir fundargerð.

### 8. Fundaráætlun stjórnar

Umræður.

### 9. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir skýrslu framkvæmdastjóra.

Skýrsla framkvæmdastjóra fylgir fundargerð.

### 10. Önnur mál og frágangur fundargerðar

Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

### Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður mánudaginn 8. september klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 10:00.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**53. fundur eigendafundar Sorpu bs.**
**var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 18. ágúst 2025**
**og hófst hann kl. 14:00.**

**Fundinn sátu:**
Heiða Björg Hilmisdóttir, Ásdís Kristjánsdóttir, Björg Fenger, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Þór Sigurgeirsson, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Vignir Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdatjóri Sorpu bs., Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

**Fundargerð ritaði:** Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Heiða Björg Hilmisdóttir formaður eigendavettvangs setti fund og gengið var til dagskrár.

**Dagskrá:**

1. **Frumniðurstöður ESA um undanþágur á greiðslu tekjuskatts byggðasamlaga - 2309018**

Haraldur Flosi Tryggvason og Þröstur Sigurðsson ráðgjafar í vinnuhópi Sorpu vegna ofangreinds máls,kynna stöðu málsins og tillögu/sviðsmynd að útfærslum hvað varðar flutning efnahagslegrar starfsemi Sorpu bs. í félag/félög með takmarkaðri ábyrgð eigenda til samræmis við ákvörðun ESA.

Stjórn Sorpu ályktaði á fundi sínum 18. júní sl. að stjórnin telur tillögu vinnuhópsins, sem hér er til umfjöllunar, koma að fullu til móts við þau sjónarmið sem ESA teflir fram. Stjórnin samþykkti tillöguna fyrir sitt leyti og vísaði málinu til endanlegrar ákvörðunar á vettvangi eigenda Sorpu bs., að fengnu áhættumati áhættunefndar Sorpu bs.

**Gestir**

Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður Sorpu bs.

Gunnar Dofri Ólafsson samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri Sorpu bs.

Þröstur Sigurðsson ráðgjafi, Arcur.

Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri Sorpu bs.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar og umræðu. Frekari umræður munu fara fram á vettvangi stjórnar SSH. Áhættumat áhættunefndar Sorpu liggur fyrir og verður sent stjórn SSH til kynningar vegna þeirrar umræðu.*

2. **Fjárhagsáætlanir byggðasamlaga 2026 - 2508001**

Meginforsendur fjárhagsáætlunar Sorpu bs. Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri Sorpu bs. kynnir.

**Gestir**

Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri Sorpu bs.

Gunnar Dofri Ólafsson samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri Sorpu bs.00:00

**Niðurstaða:**

*Umræður. Áfram verður unnið að gerð fullmótaðrar tillögu að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2026 og er frekari umræðu frestað til næsta eigendafundar.*

3. **SORPA -Heildarlausn í úrgangsmálum - brennsla - 1908010**

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs. kynnir stöðu undirbúningsvinnu vegna hátæknibrennslu á Íslandi. Málið er til meðferðar stjórnar Sorpu bs. og verður kynnt fyrir eigendavettvangi eftir því sem því vindur fram.

**Gestir**

Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri Sorpu bs.

Gunnar Dofri Ólafsson samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri Sorpu bs.

**Niðurstaða:**

*Kynning og umræður.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.**

# Fundargerð

**273. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins haldinn á skrifstofu slökkviliðsstjóra, Skógarhlíð 14, föstudaginn 15. ágúst 2025, kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**
Heiða Björg Hilmisdóttir, Ásdís Kristjánsdóttir, Valdimar Víðisson, Almar Guðmundsson, Regína Ásvaldsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Jón Viðar Matthíasson og Ingveldur Lára Þórðardóttir.

**Fundargerð ritaði:** Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri.

1. **Sex mánaða uppgjör SHS 2025 - 2508001**

   *Sex mánaða árshlutauppgjör 2025 lagt fram til staðfestingar.*

   **Niðurstaða**

   *Árshlutauppgjör SHS janúar - júní 2025 staðfest og undirritað.*

   **Gestir**

   Ástríður Þórðardóttir fjármálastjóri SHS -

   **Fylgiskjöl**

   SHS 273 1.1 Árshlutauppgjör SHS 30. júní 2025.pdf

2. **Meginforsendur fjárhagsáætlunar SHS 2026-2030 - 2508002**

   *Lagðar fram tillögur að meginforsendum fyrir fjárhagsáætlun 2026 og fimm ára áætlun 2026-2030 en þær eru í samræmi við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 25. mars 2025. Lagt til að fjölgun í varðliði 2026 vegna nýrrar slökkvistöðvar við Tónahvarf, skv. ákvörðun stjórnar á 263. fundi, verði frestað vegna seinkunar á áætlunum varðandi stöðina.*

   **Niðurstaða**

   *Stjórn samþykkir að framlagðar tillögur verði meginforsendur við gerð fjárhagsáætlunar 2026-2030.*

   **Gestir**

   Ástríður Þórðardóttir fjármálastjóri SHS -

   **Fylgiskjöl**

   SHS 273 2.1 Forsendur fjárhagsáætlunar 2026-2030.pdf

Ástríður fer af fundi kl. 08.35.

**3. Frumvarp til laga um almannavarnir - 2410004**

*Umsögn slökkviliðsstjóra um frumvarp til laga um almannavarnir kynnt, en frumvarpið er nú í samráðsgátt stjórnvalda.*

**Niðurstaða**

*Kynning.*

**Fylgiskjöl**

SHS 273 3.1 Umsögn um frumvarp til laga um almannavarnir.pdf

SHS 273 3.2 Drög að frumvarpi til laga um almannavarnir.pdf

**4. Önnur mál - 2501009**

*Engin önnur mál.*

Fundi slitið kl. 09:30.

| | |
|---|---|
| Heiða Björg Hilmisdóttir | Ásdís Kristjánsdóttir |
| Valdimar Víðisson | Almar Guðmundsson |
| Regína Ásvaldsdóttir | Þór Sigurgeirsson |

Rafræn skilríki

Undirritað af: Valdimar Víðisson
Kennitala: 1009783509
Tími: 15.08.2025 9:57
Samþykkt

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Heiða Björg Hilmisdóttir
Kennitala: 2102715549
Tími: 15.08.2025 9:59
Samþykkt

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Þór Sigurgeirsson
Kennitala: 0704678369
Tími: 15.08.2025 10:03
Samþykkt

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Regína Ásvaldsdóttir
Kennitala: 3006603989
Tími: 15.08.2025 10:28
Samþykkt

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Almar Guðmundsson
Kennitala: 0305722979
Tími: 27.08.2025 9:54
Samþykkt

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Ásdís Kristjánsdóttir
Kennitala: 2809783459
Tími: 10.09.2025 11:05
Samþykkt

Undirritað með OneSign

BST/18/9/2025

**Tillaga um ókyngreinda búningsaðstöðu**

Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarstjóra í samvinnu við fræðslu- og frístundasvið að koma fyrir ókyngreindri búningsaðstöðu (sérklefa) í Ásgarðslaug.

Bæjarstjórn fagnar jafnframt þeirri ókyngreindu aðstöðu sem nú er unnið að við sundlaugina á Álftanesi.

**Greinargerð**

Mikilvægt er að allir hópar samfélagsins okkar geti notið sundlauga Garðabæjar. Vöntun hefur verið á sérstökum ókyngreindum klefum bæði í sundlauginni í Ásgarði og á Álftanesi, en slíka klefa notar t.a.m. kynsegin fólk og annað fólk sem ekki vill eða getur nýtt hefðbundna kvenna- og karlaklefa.

Aukið aðgengi að sérklefum þar sem engra útskýringa er krafist við notkun hefur gefið góða raun víða og getur einnig nýst fleiri hópum, til að mynda fjölskyldum sem þurfa að fylgjast að óháð kyni.

Guðfinnur Sigurvinsson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks
Guðlaugur Kristmundsson, bæjarfulltrúi Viðreisnar
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, bæjarfulltrúi Garðabæjarlistans